



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um faliðun í leikskólum

Á fundi borgarráðs, 18. nóvember 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú er staðan þannig á mörgum leikskólum að börn eru send heim heim nánast daglega vegna skorts á starfsfólki og þetta er með öllu óásættanlegt. Í fyrsta lagi þá á þetta að vera fyrsta stig menntunar fyrir börnin og með þessu er verið að svíkja þau um hana. Í öðru lagi er ekki hægt að ætlast til þess að foreldrar stökkvi fyrirvaralaust úr vinnu til að sækja börnin sín. Í þessum málum ríkir ófremdarástand. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað skóla- og frístundasvið er að gera í málinu ef eitthvað? Hefur verið skoðað hvað áhrif þetta hefur á foreldra og stöðu þeirra í vinnu sínum? Orlofsdagar rétt duga fyrir sumarfrí og þá á eftir að gera ráð fyrir skipulagsdögum. Ekki öll heimili búa svo vel að vera með 2 foreldra sem skipta þessu á milli sín og efna minna fólk hefur bara alls ekki efni á að fjölga þeim dögum sem þau eru frá vinnu. Fulltrúi Flokks fólksins finnst þetta ólíðandi ástand fyrir foreldra og börnin og hlýtur ekki síður að vera erfitt fyrir starfsfólkið.

Svar:

Staðan hefur verið snúin þennan vetur, mikil veikindi og sérstaklega veikindi og fjarvistir vegna Covid smita. Slík mál hafa komið harkalega niður á leikskólum og leitt til þess að deildir hafa lokað og/eða barnahópar hafa verið sendir heim vegna faliðunar. Þá hefur það reynst áskorun að grunnmanna alla leikskóla. Mikið kapp er lagt á að styðja við leikskóla og þann 6. janúar 2022 voru samþykktar aðgerðir í borgarráði sem hafa það að markmiði að manna alla leikskólana og hlúa enn betur að starfsumhverfi starfsfólks leikskóla og draga þannig úr manneklu. Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2022, um þessar aðgerðir.



Borgarráð

Aukinn stuðningur við leikskóla varðandi ráðningar- og mannauðsmál - tillögur að næstu skrefum í tengslum við að manna nýja leikskóla og leikskóladeildir

Lagt er til að borgarráð samþykki að auka stuðning við leikskóla varðandi ráðningar- og mannauðsmál með vísan í hjálagt bréf sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2022. Um tímabundið verkefni er að ræða og því ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn er 20 m.kr. og verður fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2022.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aukinn stuðningur við leikskóla varðandi ráðningar- og mannauðsmál - tillögur að næstu skrefum í tengslum við að manna nýja leikskóla og leikskóladeildir

Brúum bilið verkefnið sem gengur út á að fjölga verulega leikskólarýmum í borginni kallar á aukinn mannafla í leikskóla Reykjavíkur. Verkefnið er krefjandi, sérstaklega í ljósi þess að hingað til hefur það reynst áskorun að manna alla leikskóla Reykjavíkur og árlega fer mikil vinna og undirbúningur í það verkefni. Staðan var sú þann 7. október 2021 að það átti eftir að ráða um 46 starfsmenn miðað við grunnstöðugildi og 17 til viðbótar í afleysingu og önnur störf sem hafa ekki áhrif á inntöku barna. Von er á nýjum upplýsingum um stöðu ráðningarmála í næstu viku en vísbendingar eru um að enn sé verk að vinna. Brúum bilið verkefnið sem gerir ráð fyrir mikilli fjölgun leikskólaplássna næstu árin felur í sér að fjölga þurfi starfsmönnum í leikskólum um 250-300 næstu 3-4 árin.

Það er því mat mannauðsþjónustu og leikskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar að gera þurfi meira en í meðalári til að styðja leikskóla í ráðningar- og mannauðsmálum.

Verkefnið er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á störfunum og laða að fleiri umsækjendum. Hins vegar að hlúa að starfsumhverfinu og draga þannig úr starfsmannaveltu. Að einhverju leyti tengist þetta tvennt, þ.e. besta kynningin á störfunum er ánægður starfsmaður sem talar vel um vinnustaðinn sinn í samfélaginu.

Hér eru settar niður tillögur að næstu skrefum í þessu mikilvæga verkefni og flokkaðar eftir þessum tveimur megin línunum.

Að vekja athygli á störfunum og laða að fleiri umsækjendum

- **Ný auglýsingaherferð**

Efni fyrir auglýsingaherferð var unnið árið 2017 sem var hugsað fyrir alla starfsemi skóla- og frístundasviðs. Önnur útgáfa af þeirri herferð var unnin 2019 og aftur fyrir sviðið í heild sinni. Ljóst er að það efni er orðið úrelt og mikilvægt að gera nýtt efni. Í ljósi þess hve verkefnið er umfangsmikið í leikskólunum er lagt til að efnið verði sérstaklega fyrir leikskólana. Um verði að ræða efni í prent- og samfélagsmiðla og myndbönd.

- **Lendingarsíða**

Í auglýsingum fyrir laus störf er bent á vef Reykjavíkurborgar þar sem finna má upplýsingar um laus störf hjá borginni. Bent hefur verið á að sú síða sé ruglingsleg, ekki sé auðvelt að finna störfina og upplýsingar um þau. Þá henti síðan ekki vel ungu fólki í

atvinnuleit. Lagt er til að útbúin verði lendingarsíða fyrir leikskólana þar sem dregnar verða fram mikilvægar upplýsingar um störfín og þau hlunnindi sem störfunum fylgja.

- **Vertu með!**

Verkefnið felst í að hvetja starfsmenn leikskóla til að fá vini og ættingja til starfa í leikskóla. Verkefnið verði í gangi út mars. Ef starfsmaður fær vin eða ættingja til starfa í leikskóla fær viðkomandi starfsmaður 75.000 kr. launaauka. Launaaukinn kemur þegar þriggja mánaða ráðningarsamband hefur átt sér stað. **Áætlaður kostnaður allt að 5 milljónir.**

- **Nýting starfsumsóknna**

Farið verður yfir starfsumsóknir í leikskóla í öllum leikskólum sem hafa auglýst í umsóknarkerfinu SAP frá 1. desember 2021. Skoðað verður hvort hægt sé að nýta umsóknir úr kerfinu sem hafa ekki endað með ráðningarsambandi og færa yfir á aðra leikskóla.

- **Greiningarvinna**

Lagt er til að farið verði í ítarlegri greiningarvinnu sem miðar að því að skoða betur eftirfarandi:

- Af hverju berast fleiri umsóknir í ákveðna leikskóla en færri í aðra?
- Hvernig dreifast umsóknir yfir borgarhlutana?
- Hvað einkennir umsækjendahópin? Erum við ekki að ná til einhverra hópa?
- Hvernig getum við nálgast unga hópin enn frekar, eftir hverju er hann að leita? T.d. með rýnihópum.

- **Stuðningur við einstaka leikskóla**

Áhersla hefur verið lögð á að styðja sérstaklega við þá leikskóla sem fá færri umsóknir. Lagt er til að sá stuðningur verði öflugri. Þeir leikskólar fái aðstoð við gerð auglýsinga og ráðningarferlið. Fái fræðslu og stuðning við hvernig nýta megir samfélagsmiðla og tengslanet til þess að vekja athygli á störfunum og leikskólanum.

- **Bæta auglýsingarnar á síðu Reykjavíkurborgar**

Unnið verði að því að fara yfir allar auglýsingar leikskóla á umsóknavef borgarinnar. Samræma þær og bæta þannig að þær laði enn frekar að umsækjendum.

- **Ráðningarskrifstofur**

Haldið verði áfram samstarfi við ráðningarstofur sem geta veitt stuðning og ráðgjöf í þessu stóra verkefni.

- **Háskólanemar**

Haldið verði áfram samstarfi við háskólana með það að markmiði að vekja athygli á störfum í leikskólum. Sem dæmi má nefna að unnið verði að því að vinna í leikskólum geti nýst sem einingar í fleiri greinum en eingöngu í kennaranámi.

Að hlúa að starfsumhverfinu

- **Ýmsar aðgerðir til að greina og koma í veg fyrir starfsmannaveltu**

Starfsmannavelta er mikil í leikskólum Reykjavíkur sem veldur því að mönnunarverkefnið er ennþá stærra fyrir vikið. Mikil vinna hefur verið lögð í að

greina starfsumhverfið og bæta það og má þar t.d. nefna aukið rými barna í leikskólum, fjölgun starfsfólks á elstu deildum leikskóla, aukinn undirbúningstími starfsfólks, lokað á aðfangadag og gamlársdag, heimild til niðurfellingar leikskólagjalda á milli jóla og nýárs, heildarúttekt á húsnæði og starfsaðstæðum í leikskólum, aukin fræðsla, námsleyfi og stytting vinnuvikunnar. Þrátt fyrir allar þessar aðgerðir er afar mikilvægt að halda áfram að rýna og greina enn frekar ástæður fyrir starfsmannaveltu og draga úr henni. Lagt er til að farið verði í eftirfarandi greiningu og verkefni:

- Skoða starfsmannaveltu í hverjum leikskóla fyrir sig og upplýsa stjórnendur um hana og vinna frekar með það á hverjum stað fyrir sig.
 - Af hverju er meiri starfsmannavelta í sumum leikskólum en öðrum?
 - Taka starfslokasamtöl við starfsfólk sem hættir og skoða ástæður starfsloka.
- **Nýta niðurstöður viðhorfskönnunar og vinna með leikskólum sem skora ekki hátt**

Unnið hefur verið með niðurstöður viðhorfskönnunar og sérstök verkefni sett á laggirnar til að styðja þá leikskóla sem skora ekki hátt. Þennan stuðning þarf að auka. Farið verði í sérstaka vinnu með þessum leikskólum þar sem niðurstöður eru rýndar sérstaklega. Allt skipulag skólans skoðað og unnið með starfsmannahópnum. Stjórnendur fá fræðslu og handleiðslu í starfi.
 - **Efla móttöku nýliða**

Rannsóknir sýna að fyrstu dagar í starfi skipta miklu máli upp á hversu lengi starfsmaður endist í starfi. Stjórnendur leikskóla eru sammála um að hér getum við gert miklu betur. Staðan er oft snúin í leikskólum, veikindi og mannekla og nýjum starfsmönnum oft hent í djúpu laugina. Lagt er til að efla þessa móttöku með miðlægum stuðningi. Sem dæmi má nefna með því að útbúa rafrænt fræðslufni sem léttir á þessu verkefni í leikskólunum.
 - **Efla íslenskukennslu**

Farið verði í vinnu til að stórefla íslenskukennslu og þá helst á þann máta að hún fari fram áður en starfsfólk hefur störf í leikskólunum. Þetta myndi stækka umsækjendahópinn.
 - **Stytting vinnuvikunnar rýnd sérstaklega**

Haldið áfram að rýna sérstaklega styttingu vinnuvikunnar í leikskólum. Er hún að valda álagi og kostnaði og hvernig má vinna gegn því.

Mannauðsráðgjafi ráðinn í 1 ár

Það er hlutverk mannauðsþjónustu að styðja stjórnendur í þessum verkefnum sem hér hafa verið talin upp. Staðan er sú að síðustu ár hafa verið sérstaklega flókin þegar kemur að mannauðsmálum í leikskólunum. Má þar nefna mönnunarvandann, Covid og innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar sem hefur verið sérstaklega krefjandi. Það er því mat mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar að í ljósi stærðar þessa verkefnis verði ekki hjá því komist að að ráðinn verði mannauðsráðgjafi í eitt ár sem fer sérstaklega í þessi verkefni sem hér eru tilgreind. Mannauðsþjónusta SFS er með þeim hætti að 3,5 stöðugildi verða staðsett úti í borgarhlutum með tilkomu BBB (Betri borg fyrir börn) verkefnisins og 4 stöðugildi í miðlægum verkefnum. Fjöldi starfsmanna í deildinni er því mun minni en á mörgum öðrum sviðum


Reykjavíkurborgar miðað við fjölda starfsmanna sviðsins. Mikilvægt er að taka fram að hér er einungis um tímabundna aðgerð að ræða í eitt ár. **Áætlaður kostnaður er um 12 milljónir.**

Sérstakur stuðningur við leikskóla í miklum vanda

Staðan í nokkrum leikskólum er afar þung um þessar mundir. Mikil veikindi, ekki tekist að ráða, eftirköst eftir Covid o.fl. Lagt er til ráðinn verði til starfa aðili úr hópi núverandi eða fyrrverandi leikskólastjóra í 100% stöðu frá 1. janúar 2022 til 31.mars 2022 sem fer sérstaklega í að styðja þessa leikskóla. Þessi stuðningur verður þá til staðar þar til fagstjórar sem eru að taka til starfa í borgarhlutunum verða búnir að setja sig inn í störfín og helstu verkefni og taka þá við þessum stuðningi 1. apríl 2022. Viðkomandi myndi þannig greina helstu vandamál sem leikskólastjórar standa frammi fyrir og leita lausna með þeim og veita stuðning og handleiðslu. **Áætlaður kostnaður er 3 milljónir.**

Heildarviðbótarkostnaður við þessar tillögur eru 20 milljónir, annað er á fjárhagsáætlun.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in dark ink, reading 'Helgi Grímsson'. The signature is written in a cursive, flowing style.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs